

6. gr.

72

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir 16. maí að lokað er.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá samþykkt þessari fyrir einstaka daga og til þess að sala fari fram í góðgerðaskyni eða ágóða fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem að dómi lögreglustjóra horfa til almenningsheilla.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 krónum, og renna sektirnar í sveitarsjóð. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1944.

Björn Þórðarson.

Páll Pálmason.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Skógræktarsjóð Gnúpverja“, út- 73
gefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. maí 1944. 16. maí
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Skógræktarsjóðs Gnúpverja.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skógræktarsjóður Gnúpverja, og er stofnaður af gjöfum til Búnaðarfélags Gnúpverja á 100 ára afmæli þess, 6. júní 1943.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjöf Búnaðarsambands Suðurlands, 500 — fimm hundruð — krónur, svo og gjöf frá ónafngreindum manni, 100 — eitt hundruð — krónur, afhentar þennan afmælisdag. Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að aukinni skógrækt í Gnúpverjahreppi, eftir því, sem geta sjóðsins leyfir á hverjum tíma, t. d. með því að styrkja menn til þess að koma upp skrúðgörðum og skógarreitum eða verðlauna slíkar framkvæmdir eða á þann hátt annan, sem stjórn sjóðsins kveður á um.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn. Einn kosinn á aðalfundi búnaðarfélagsins, og er hann formaður stjórnarinnar, annar kosinn á aðalfundi ungmennafélagsins og sá þriðji á aðalfundi kvenfélagsins. Stjórnin er kosin til eins árs í senn. Leggist þessi félag niður, kvenfélagið og ungmennafélagið, skulu allir mennirnir kosnir á aðalfundi búnaðarfélagsins.

73

5. gr.

16. maí

Stofnfé sjóðsins allt skal ávaxtað í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Helmingur vaxtanna skal jafnan leggjast við höfuðstólinn, en hinn helmingur þeirra falla árlega til útborgunar til stjórnar sjóðsins, þegar allir ársvextirnir nema 100 kr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum og annast reikningshald hans og skulu reikningar hans birtir með reikningum búnaðarfélagsins.

7. gr.

Leita skal ríkisstjórástaðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

74

16. maí

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Kornræktarsjóð Gnúpverja“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. maí 1944. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Kornræktarsjóðs Gnúpverja.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kornræktarsjóður Gnúpverja og er stofnaður af Búnaðarfélagi Gnúpverja á 100 ára afmæli þess, 6. júní 1943, til minningar um þá menn, er hófu félagsbundin störf í þágu ræktunarmála í Gnúpverjahreppi fyrir hundrað árum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag búnaðarfélagsins sjálfs, 1000 — eitt þúsund — krónur til sjóðstofnunar, svo og gjafir Gnúpverjahreppsþúa þennan afmælisdag, að upphæð 3015 — þrjú þúsund og fimmtán — krónur.

Tekjur sjóðsins eru, auk tilfallandi vaxta, gjafir og áheit, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að koma af stað og styrkja kornrækt í Gnúpverjahreppi, eftir því sem geta sjóðsins leyfa á hverjum tíma, með rekstri eða styrk til kornræktarstöðvar, verkfærakaupa eða á annan þann hátt, er stjórn sjóðsins kveður á um.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipar stjórn Búnaðarfélags Gnúpverja.

5. gr.

2000 kr. af stofnfé sjóðsins skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Helming vaxtanna skal jafnan leggja við höfuðstólinn, en hinn helmingur þeirra falla til útborgunar til stjórnar sjóðsins, þegar allir ársvextirnir nema 100 kr.

Hinn hlutann af stofnfé sjóðsins skal stjórn hans varðveita og ráðstafa ásamt öðrum tekjum hans, samkvæmt 3. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á honum og annast reikningshald hans og skulu reikningarnir birtir með reikningum búnaðarfélagsins.